

Aðrir liðir gjaldskrárinnar eru óbreyttir.

*Iðnaðarráðuneytinu, 23. júní 2005.*

F. h. r.

**Kristján Skarphéðinsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.**

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

Kettir 2.879 kr.

Hundar að 20 kg þyngd 2.930 kr.

Hundar 20 kg þyngd og yfir 2.982 kr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á ofangreindar fjárhæðir.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 2. mgr. 7. gr. laga nr. 54/1990 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey nr. 565/2003.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. júní 2005.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Atli Már Ingólfsson.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Vesturvör 13, Kópavogi.**

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 16. júní 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingin felst í því að lóðin Vesturvör 13 á Kársnesi verður íbúðarsvæði í stað svæðis fyrir blandaða landnotkun (athafna- og stofnanasvæði).

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 16. júní 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*